

## Leikskólinn Hraunheimar leitar að sérkennslustjóra

### Ertu faglega sterkur einstaklingur sem brennur fyrir því að skapa góðan námsvettvang fyrir börn með fjölbreyttar þarfir?

Hraunheimar er fjögurra deilda leikskóli í Þorlákshöfn sem mun opna 1. september 2025. Við leggjum áherslu á að skapa umhverfi þar sem börn læra í gegnum leik, þróa hæfni sína á fjölbreyttum sviðum og verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Hugmyndafræði leikskólans byggir á læsi í víðu samhengi þar sem lögð er áhersla á eftirfarandi læsisþætti:

- ❖ Félags- og tilfinningalæsi
- ❖ Umhverfis- og samfélagslæsi
- ❖ Stafa- og stærðfræðilæsi
- ❖ Heilsulæsi
- ❖ Faglegt læsi starfsmanna og foreldra

Hægt er að lesa meira um hugmyndafræði Hraunheima [hér](#).

### Sérkennslustjóri verður lykilaðili í innleiðingu og framkvæmd sérkennslu í leikskólanum og fær einstakt tækifæri til að móta starfið og sérkennslurýmin frá upphafi.

Þar sem leikskólinn er nýr og ekki ljóst með fjölda barna, er um 50% stöðu að ræða sem stendur en starfshlutfall mun aukast með fjölgun barna og eftir þörfum. Mögulegt er að auka starfshlutfall með kennslu- / leiðbeinandastarfi á deild, allt upp í 100% stöðu í heildina. Æskilegt er að viðkomandi getu hafið störf 15-20. ágúst næstkomandi. Öll kyn eru hvött til að sækja um.

### Helstu verkefni og ábyrgð sérkennslustjóra

- ❖ Sjá um mótun og þróun sérkennslu Hraunheima og innleiðingu snemmtækrar íhlutunar.
- ❖ Skipuleggja, framkvæma og endurmeta sérkennslu í leikskólanum í samvinnu við leikskólustjóra.
- ❖ Mat og greining á þörfum barna með sérþarfir og mótun einstaklingsmiðaðra stuðningsáætlana.
- ❖ Veita ráðgjöf og fræðsla til kennara og annarra starfsmanna um aðferðir og úrræði í sérkennslu.
- ❖ Halda utan um samskipti og samstarf við foreldra/forráðamenn barna með sérþarfir og veita þeim stuðning og ráðgjöf.
- ❖ Samstarf við utanaðkomandi sérfræðinga og þjónustu, s.s. Skóla- og velferðarþjónustu Ölfuss, talmeinafræðinga, sálfræðinga og aðra fagaðila.

- ❖ Tryggja að starf leikskólans uppfylli lög um samþætta þjónustu og stuðla að snemmtækri íhlutun fyrir börn með sérþarfir.
- ❖ Fylgjast með nýjungum í sérkennslu og innleiða faglegar aðferðir í leikskólastarfi.
- ❖ Hefur umsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans sem tengjast sérkennslu.

### **Menntunar- og hæfniskröfur**

- ❖ Þroskapjálfi, leikskólakennari eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- ❖ Reynsla af vinnu með börnum með sérþarfir skilyrði.
- ❖ Þekking á lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna kostur
- ❖ Skipulagshæfni, sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð.
- ❖ Frumkvæði í starfi og fagleg vinnubrögð
- ❖ Góð færni í samskiptum og teymisvinnu.
- ❖ Gott vald á íslensku, kunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- ❖ Þekking á helstu listum til að meta þroska barna, eins og TRAS, Hljóm o.fl.

### **Við bjóðum upp á**

- ❖ Einstakt tækifæri til að móta og byggja upp sérkennslu í nýjum leikskóla.
- ❖ Samvinnu við framsækið starfsfólk sem vinnur eftir læsi í víðu samhengi.
- ❖ Góðan stuðning í starfi, tækifæri til símenntunar og faglegs vaxtar.
- ❖ Skemmtilegt og skapandi starfsumhverfi.

### **Skilyrði er að viðkomandi er með hreint sakavottorð.**

Ef þú vilt taka þátt í að skapa skóla þar sem öll börn fá jöfn tækifæri til náms og þroska, þá erum við að leita að þér!

### **Umsóknarfrestur er til 25. mars 2025.**

Nánari upplýsingar veita:

Hrafnhildur Hlín, leikskólastjóri, og Jóhanna Margrét, sviðstjóri Fjölskyldu- og fræðsluviðs í síma 480-3800 eða í tölvupósti á [hrafnhildurh@olfus.is](mailto:hrafnhildurh@olfus.is) / [jmh@olfus.is](mailto:jmh@olfus.is)

**Komdu og vertu hluti af framsæknu og skapandi teymi í Hraunheimum!**